

Því dæmist rétt vera:

Svo framarlega Þórarinn Eyólfsson eftir löglegan undirbúning á sinu varnarþingi synjar fyrir það með eiði, að hann hafi undirskrifað eða gefið öðrum manni heimild til þess fyrir hans hönd, að undirskrifa skuldabréf það til áfrýjanda Þórðar J. Thoroddsens, er fram hefir verið lagt í málinu og dagsett er 29. nóvbr. 1902, þá greiði hann áfrýjanda 12 kr. 14 a. með 5 % vöxtum frá stefnudegi þang- að til borgun fer fram, en málskostnaður skal falla niður.

Vinni stefndi aftur á móti ekki eiðinn, skal hann greiða áfrýjanda 116 kr. 61 e. ásamt 5 % vöxtum frá stefnudegi til borgunardags og auk þess málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi með 60 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. dag júlímán.

Nr. 2/1911:

Magnús Jónsson
gegn

G. Gíslason & Hay.

D ó m u r:

Hinir stefndu, G. Gíslason & Hay, höfðuðu mál þetta fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn áfrýjanda, Magnúsi

sýslumanni Jónssyni í Hafnarfirði til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér eftirstöðvar af reikningi yfir útlagðan kostnað við kaup á skipi m. m. 462 kr. 41 e. Var mál þetta dæmt í téðum rétti 7. jan. þ. á. þannig, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefndu hina um-sömdu upphæð, kr. 462,41, ásamt 6% vöxtum frá 1. janúar 1910 til borgunardags svo og upp í málskostnað 50 krónur.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. jan. þ. á. og krafist þess aðallega, að verða algjörlega sýknaður af kröfum stefndu, en til vara, að hann verði ekki dæmdur til að greiða meira en $\frac{1}{9}$ hluta kröfunnar, eða 51 kr. 35 a. og að málskostnaður fyrir undirrætti og yfirdómi verði látinn falla niður. Hinir stefndu hafa aftur á móti krafist þess, að hinn áfryjaði dómur verði staðfestur í öllum atriðum, og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 30. nóvbr. 1904 skrifaði áfrýjandi, sem þá var sýslumaður í Vestmannaeyjum, þeim G. Gíslason & Hay bréf. Segir áfrýjandi í bréfinu, að nokkrir menn í Vestmannaeyjum hafi falið sér að skrifa stefndu til þess að leita hjálpar þeirra og leiðbeiningar til handa manni, er flutti bréfið til stefndu, en hjálp og leiðbeining þeirra átti aðallega að vera fólgin í því, að styðja mann þenna með ráðum og dádum til þess að festa kaup á skipi nokkru, er sendi-maðurinn hafði vísað þeim á, ásamt farmi í það heim til Vestmannaeyja. Biður áfrýjandi stefndu að leggja út peninga fyrir allt þetta fyrir kaupendurna. Til tryggingar eða greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem þeir G. Gíslason &

Hay kynnu að leggja fram í þessu skyni, sendi áfrýjandi þeim víxil, sem sparisjóður Vestmannaeyja hafði samþykkt að greiða, að upphæð 6000 kr., og biður áfrýjandi stefndu að stýla reikninginn yfir kostnaðinn til Magnúsar Þórðarsonar & Co., Sjólyst Vestmannaeyjum. Stefndu urðu við tilmælum áfrýjanda og lögðu út peninga fyrir skipið, farminn og annað, er þurfti til þess að sktþið gæti lagt af stað heimleiðis. Sendu stefndu samkvæmt fyrirsögn bréfsins reikning yfir útgjöldin og ómakslaun sín til Magnúsar Þórðarsonar & Co. og reyndist reikningur þessi, er kom réttum hlutaðeigendum í hendur 21. jan. 1905, nokkru hærri en víxilupphæðin, er stefndu fengu greidda 28. marz s. á. En það sem ávantaði til fullnaðar greiðslu reikningsins, færðist áfrýjandi fyrir hönd kaupendanna undan að borga, vegna þess, að stefndu hefðu ekki vátrygt skipið hingað heim, eins og til hefði verið ætlast, en á heimleiðinni fekk skipið sjóskaða, er bakaði eigendunum 720 kr. tjón. Þá upphæð, sem á vantaði til fullnaðargreiðslu, sem með vöxtum til 1. jan. 1910 var orðin kr. 462,41, hafa stefndu krafist að áfrýjandi greiddi. Hafa stefndu haldið því fram, að áfrýjandi hafi með nefndu bréfi 30. nóvbr. 1904 skuldbundið sig til þess að greiða þeim allan kostnað þeirra út af skipakaupunum, enda hafi hann verið einn af kaupendum skipsins frá upphafi, og hafa þeir þessu til sönnunar lagt fram útdrátt úr bréfi frá áfrýjanda dags. í Vestmannaeyjum 24. febr. 1906.

Þessu hefir áfrýjandi neitað; heldur hann því fram, að hann hafi aldrei, beinlínis eða óbeinlínis, lofað eða undirgengist greiðslu á kostnaði þessum, hann hafi að eins ritað bréfið fyrir hönd Magnúsar Þórðarsonar & Co.,

eins og nefnt bréf beri með sér, og að hann hafi fyrst síðar orðið eigandi skipsins með hinum upprunalegu kaupendum, án þess að skuldir þeirra væru honum að nokkru viðkomandi, hvorki þessar né aðrar, enda hafi stefndu þegar í byrjun stýlað reikning sinn til Magnúsar Þórðarsonar & Co.

Áfrýjandi hefir að vísu ekki með berum orðum tekið það fram í umgetnu bréfi sínu, að hann tæki að sér greiðslu á útlögðum kostnaði stefndu út af skipakaupunum, en eftir orðalagi bráfsins verður að álíta, að stefndu hafi haft ástæðu til þess að líta svo á, að þeir ættu aðgang að áfrýjanda með greiðsluna, enda hafa þeir hiklaust gengið út frá því í bréfum sínum til áfrýjanda, að hann stæði þeim skil á greiðslunni, og áfrýjandi hefir í svarbréfum sínum til stefndu ekkert gert til þess að mót-mæla þeim skilningi. Auk þess er það upplýst, að áfrýjandi hefir í bréfi til stefndu, dags. 6. nóvbr. 1905, talið sig einn meðal þeirra félaga um skipakaupin, er standa ættu skil á greiðslunni fyrir skipið, og hið sama kemur fram í bréfi áfrýjanda til þriðja manns, dags. 24. febr. 1906. Verður áfrýjandi því, samkvæmt eigin játningu sinni í bréfum þessum, að teljast einn meðal hinna upprunalegu kaupenda skipsins, enda hefir hann eigi gert neina grein fyrir því, hvenær hann hafi orðið meðeigandi skipsins, eða á annan hátt fært rök fyrir staðhæfingu sinni um það, að hann fyrst síðar eða eftir að skuldin til stefndu stofnaðist, hafi gengið inn í skipakaupin. En þar sem það verður að teljast sannað, að áfrýjandi hafi verið meðal hinna upprunalegu kaupenda, þá hafa stefndu einnig rétt til að krefjast greiðslu á skuld sinni að fullu hjá honum.

Þá hefir áfrýjandi krafist sýknunar af þeirri ástæðu, að stefndu hafi vanrækt að váttryggja skipið, eins os kaupendur hefðu lagt fyrir; hafi skipið svo, eins og áður er ávikið, orðið fyrir sjóskaða á leiðinni til Íslands óvátrygt, og hafi það bakað eigendunum 720 kr. tjón. Svo hafi það komið í ljós, er til Íslands kom, að skipið hafi verið stórgallað og óhæft til fiskiveiða, og hafi síðast verið selt á 1600 kr. Með þessu hafi stefndu sýnt svo mikla vanrækslu, að kaupendur skipsins og þá einnig áfrýjandi eftir almennum skaðabótareglum geti losnað við að greiða eftirstöðvarnar af andvirði skipsins. En svo sem fram hefir verið tekið, gefur bréf áfrýjanda ekki tilefni til að lita svo á, að ætlast hafi verið til annara afskifta af stefndra hálfu af skipskaupunum en að þeir létu í té ráð sín og leiðbeiningar, að svo miklu leyti sem aðalerindreki kaupendanna, sendimaðurinn, leitaði þeirra, og verður ekkert af skjölum málsins séð, að stefndu hafi tekið annan þátt í þeim, en að sjá um útborgun skipsverðsins, eftir tilvísun sendimannsins. Kaup skipsins voru þannig hvorki falin stefndu né gjörð af þeim, og getur því ekki í því tilliti verið um neina vanrækslu að ræða frá þeirra hálfu. Þá hafa stefndu neitað, að þeim hafi borið nokkur skylda að annast váttryggingu skipsins til Íslands, eða að þeim verði gefið sök á því, að skipið fór frá Skotlandi óvátrygt. Í fyrnefndu bréfi 30. nóv. 1904 er að vísu tekið fram, að áriðandi sé, að skipið verði váttrygt, og stefndu skýrt frá, að sendimanni kaupendanna hafi verið lagt fyrir að afgera engin kaup nema þetta (váttrygging skipsins) sé fánlegt með viðunanlegum kjörum, og »er aðstoð yðar einnig hér nauðsynleg« er bætt við í bréfinu, og er af þessu auðsætt, að ætlast er til að stefndu styddu að því,

að skipið fengist vátrygt, en það er upplýst í málinu, að stefndu létu sér umhugað um vátryggingu skipsins og leituðu sjálfir fyrir sér um það; en að þó tókst svo til, að skipið sigldi til Íslands óvátrygt, var sendimanninum einum að kenna, því að þótt stefndu fengju honum fé til vátryggingarinnar, sem hann þóttist geta keypt betur en þeir, þá varð þó ekki úr því fyrir honum að vátryggja skipið en hann skýrði þó stefndu frá því, að hann hefði gjört það, og vissu þeir því ekki betur, en að alt væri í lagi.

Það verður því samkvæmt þessu ekki álitíð, að áfrýjandi eða meðeigendur hans í nefndu skipi geti gefið stefndu sök á því, hvernig kaupin voru af hendi leyst, né á því, að skipið var ekki samkvæmt fyrir mælum kaupendanna vátrygt, áður en því var siglt til Íslands, en þar af leiðir, að áfrýjandi getur ekki af þessum ástæðum komist hjá að greiða hina umstefndu skuld. Samkvæmt framansögðu ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig málskostnaðarákvæði hans, og verður áfrýjandi einnig að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi er ákveðst 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal óraskaður. Áfrýjandinn, Magnús sýslumaður Jónsson, greiði stefndu G. Gíslason & Hay málskostnað fyrir yfirdómi með 25 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.